

**Sp.**

**331. Tillaga til þingsályktunar**

[201. mál]

um málefni El Salvador.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Benedikt Gröndal, Sighvatur Björgvinsson,  
Karl Steinar Guðnason, Eiður Guðnason, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir,  
Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að lýsa yfir samúð Íslendinga með þjóðinni í El Salvador í þeim hörmungum ógnarstjórnar, ofbeldis og kúgunar, sem hún má þola, og beinir því jafnframt til utanríkisráðherra, að Ísland beiti áhrifum sínum eftir megni fyrir pólitískri lausn deilumála í landinu og þá sérstaklega fyrir því, að Bandaríkjastjórn láti af hernaðarstuðningi sínum við ríkisstjórn landsins sem situr í skjóli hervalds.

**Greinargerð.**

Ríkisstjórnin í El Salvador ber ábyrgð á einhverjum mestu fjöldamorðum síðari ára. Samkvæmt heimildum frá fulltrúa kirkju- og mannréttindasamtaka hafa tugþúsundir manna verið myrtar á kerfisbundinn hátt í landinu á síðustu tveimur árum. Frá 15. október 1979 til ársloka 1980 hefur mannréttindanefndin í El Salvador skráð 34 123 morð í landinu. Mannréttindasamtök og kirkjuleiðtogar halda því fram, að langflest þessara morða séu framin af dauðasveitum og öryggissveitum stjórnvalda. Sýnt hefur verið fram á tengsl milli herforingjastjórnarinnar í landinu og ýmissa hópa hægri öfgamanna sem vinna þessi óhæfaverk. Fórnlömbin eru oft óbreyttir borgarar. Ógn á hendur almennungi í landinu, handahófskennd morð á saklausu fólki eru skipulögð til þess að hræða og vekja ótta meðal hugsanlegra stjórnarandstæðinga.

Talið er að um hálf milljón þjóðarinnar í El Salvador sé nú landflótta. Þetta er tíundi hver landsmaður. Talið er að tugir manna séu pyntaðir og drepnir á degi hverjum eins og sakir standa. Á þessum lista yfir þá, sem lífið láta, má m. a. s. finna fjölda barna.

Fullyrða má að núverandi ríkisstjórn í El Salvador sé eingöngu við völd vegna stuðnings Bandaríkjastjórnar. Landið hlaut milljónir dollara á síðasta ári í efnahags- og hernaðarstuðning frá Bandaríkjunum. Nýverið hefur Bandaríkjastjórn ákveðið að veita El Salvadorstjórninni 65 millj. dollara í aðstoð, þar af 55 millj. í hernaðaraðstoð.

Það er engin tilviljun að samlíkingin við Vítíam heyrir nú æ oftast nefnd í sambandi við þessa atburði.

Fjöldi ábyrga ríkisstjórna víða um heim hefur reynt að hafa áhrif á stjórnvöld í Bandaríkjunum og fá þau til að breyta stefnu sinni í þessum heimshluta. Alþjóðasamband jafnaðarmanna hefur ítrekað vakið athygli á þessu ástandi. Í því sambandi er rétt að benda sérstaklega á yfirlýsingu utanríkisráðherra Mexíkó og Frakklands þar sem fram kemur ótvíræður stuðningur við frelsisöflin í El Salvador. Ógnarstjórn og þjáningum verður að linna í El Salvador.

Hvorugur deiluaðila getur vænst þess að vinna fullan hernaðarsigur í átökunum sem nú eiga sér stað. Hernaðarleg lausn er ekki til, einungis pólitísk og félagsleg lausn.

Samkvæmt þeirri þingsályktunartillögu, sem hér er flutt, er lögð áhersla á að Ísland beiti sér hvarvetna eftir mætti fyrir pólitískri lausn deilumála í El Salvador. Jafnframt er ályktað að Ísland beiti áhrifum sínum til þess að hvetja Bandaríkjastjórn sérstaklega til þess að láta af hernaðarstuðningi sínum við ríkisstjórnina í El Salvador.